

ROF-2017-11 Raufarhöfn á gullalddarunum

Markmið verkefnisins er að byggja upp safn um sögu Raufarhafnar. Gera á sýningu um síldar- og athafnabæinn Raufarhöfn um 1960, gera líkan af bryggjum og húsum o.fl. Auk safnsins á að setja á fót upplýsingamiðstöð, sölubúð og kaffihús, auk þess að skapa vettvang fyrir listsýningar og aðra viðburði. Þannig verði til „menningarmiðstöð“ Raufarhafnar. Sótt er um styrk til að gera upp gamla lýsishúsið og soðhúsið á SR-lóðinni. Verkefnið er metnaðarfullt, hefur mikla sérstöðu og getur haft afgerandi áhrif á uppbyggingu og stöðu Raufarhafnar sem sérstæðs áfangastaðar.

Verkefninu var úthlutað kr. 4.450.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.